

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-77/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. september 2014 bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um gildi ábyrgðarskírteinis bifreiðar, sem keypt var af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna útlagðs viðgerðarkostnaðar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. september 2014, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 7. október. Með bréfi, dags. 13. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 27. október. Með bréfi, dags. 30. október, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bærust þau hinn 10. nóvember. Með bréfi, dags. 20. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum og bærust þær hinn 24. nóvember. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 11. maí 2015, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 4. maí 2012 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.750.000. Var bifreiðin af gerðinni Toyota Yaris, árgerð 2010, fyrst skráð 7. júní 2010. Á kaupdegi hafði bifreiðinni verið ekið 51.000 km. Við kaupin fékk álitsbeiðandi í hendur ábyrgðarskírteini, dags. 4. maí 2012, þar sem vottað var að bifreiðin væri í verksmiðjuábyrgð Toyota frá kaupdegi og til 7. júní 2015, eða í 37 mánuði frá dagsetningu skírteinisins. Í skírteininu var vísað til ítarlegra skilmála um verksmiðjuábyrgð framleiðanda bifreiðarinnar á vefsvæði seljanda. Hinn 3. september 2014 bilaði kúpling bifreiðarinnar og varð hún óökuhæf. Álitsbeiðandi hringdi til seljanda til að fá leiðbeiningar um hvað gera skyldi. Var henni þá bent á að koma með bifreiðina á verkstæði seljanda. Bifreiðin var dregin þangað og var gert við hana. Kostnaður vegna viðgerðarinnar var kr. 104.039. Var álitsbeiðandi ósátt við að þurfa að greiða viðgerðarkostnað á ábyrgðartíma bifreiðarinnar, hafði uppi andmæli þar að lútandi gagnvart seljanda, en greiddi þó reikning vegna viðgerðarinnar með fyrirvara um réttmæti hans, enda hefði bifreiðin ekki fengist afhent öðru vísi. Stóð álitsbeiðandi í þeirri trú að þegar hún keypti bifreiðina væri um að ræða bifreið með 5 ára verksmiðjuábyrgð, líkt og seljandi hafði auglýst rækilega við markaðssetningu bifreiðarinnar héraendis. Álitsbeiðandi gerði sér grein fyrir því að þar sem hún var að kaupa notaða bifreið gildi ábyrgðin út 5 ára tímabilið frá því bifreiðin kom á fyrst á götuna, sem var hinn 7. júní 2010. Ábyrgðin á bifreiðinni gildi því til 7. júlí 2015, eins og tekið var fram og staðfest í ábyrgðarskírteininu. Við kaupin á bifreiðinni hafi ekkert komið fram af hálfu seljanda, hvorki munnlega né skriflega, um að ábyrgðin væri takmörkuð á nokkurn hátt, að einstaka hlutir bifreiðarinnar væru undanþegnir ábyrgð eða að um þá gildi styttri ábyrgðartími en tilgreindur var á skírteininu.

Bendir álitsbeiðandi á að um kaupin gildi lög nr. 48/2003 um neytendakaup og njóti hún því verndar laganna eftir því sem á kunni að reyna. Álitsbeiðandi telur bifreiðina hafa verið haldna galla í skilningi 15. og 16. gr. lagana um neytendakaup og að seljandi bifreiðarinnar beri ábyrgð á þeim galla, sbr. ábyrgðarskírteinið. Álitsbeiðandi telur sig hafa átt rétt til úrbóta, sér að kostnaðarlausu, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. og 29. -30. gr. laganna. Álitsbeiðandi telur sig hafa mátt treysta því, þegar hún keypti bifreiðina, að hún nyti fullrar og óskoraðar ábyrgðar á bifreiðinni út 5 ára ábyrgðartíma hennar, enda engra takmarkana eða undantekninga getið í skírteininu. Álitsbeiðandi telur sig því hafa verið krafð á óréttmætan hátt um greiðslu viðgerðarkostnaðar. Álitsbeiðandi bendir á í þessu sambandi að við kaupin hafi ekkert komið fram af hálfu seljanda bifreiðarinnar um að takmarkanir væru á ábyrgðinni, sem álitsbeiðandi þyrfti að kynna sér á heimasíðu seljanda. Álitsbeiðandi telur að sú skylda hvíli á seljanda að sjá til þess að væntanlegir kaupendur bifreiða séu rækilega upplýstir um réttarstöðu sína, á þann hátt að þeir þurfi hvorki að leita sérfræðiaðstoðar né að leita fanga í öðrum gögnum en þeim sem liggja frammi við kaupin, til þess að geta metið rétt sinn og stöðu gagnvart seljanda. Vísar álitsbeiðandi í þessum sambandi meðal annars til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 44/2003, um upplýsingaskyldu í viðskiptum með notuð ökutæki. Álitsbeiðandi bendir á að við kaupin hafi ekki öðrum gögnum verið til að dreifa en ferilyfirliti, lista um söluskoðun, reikningi/afsal og svo ábyrgðarskírteini, sem gefið var út og undirritað við kaupin. Álitsbeiðandi hafði ekki aðgang að tölvu við kaupin og engin ábending kom frá sölumanni um að kanna þyrfti sérstaklega í tölvu skilmálana um verksmiðjuábyrgðina, vegna þess að takmarkanir væru á ábyrgðinni. Með vísan til alls framangreinds telur álitsbeiðandi varnaraðila hafa verið skylt, samkvæmt verksmiðjuábyrgð er fólst í kaupsamningi aðila, að gera við bifreiðina 3. - 4. september 2013, sér að kostnaðarlausu.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. afrit af: reikningi/afsali vegna kaupa á umræddri bifreið, greiðslukvittun, ábyrgðarskírteini, reikningi vegna viðgerðarkostnaðar og fyrirvara um réttmæti reiknings.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum rituðum af lögmanni seljanda kemur m.a. fram að líkt og rakið sé í álitsbeiðni sé bifreiðin xx-000 í 5 ára verksmiðjuábyrgð frá framleiðanda bifreiðarinnar. Þegar álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina hinn 4. maí 2012 hafi 37 mánuðir eftir af þeirri ábyrgð, sem renni út hinn 7. júní 2015. Segir seljandi að líkt og komi fram með áberandi hætti í meginmáli ábyrgðarskírteinis þess sem lagt hafi verið fram megi finna ítarlega skilmála um verksmiðjuábyrgð framleiðanda á vefsíðu seljanda. Í skilmálum þessum komi fram að ábyrgðin nái til hvers konar agnúa sem rekja megi til galla við framleiðslu eða við samsetningu við eðlilega notkun í 5 ár eða 160.000 km, hvort sem fyrir verði. Þar komi auk þess ítrekað fram að hin 5 ára ábyrgð taki ekki til viðgerðar á við þá sem framkvæmd hafi verið á bifreið álitsbeiðanda. Í skilmálunum segi að ábyrgð nái ekki til eðlilegs slits eða eðlilegs viðhaldskostnaðar svo sem skiptingu á kúplingu. Þar segi jafnframt að á 4. og 5. ári sé ekki ábyrgð á kúplingu. Þá séu í lokin taldir upp sérstaklega einstakir hlutir bifreiða og tiltekið hversu langur ábyrgðartíminn sé í hverju tilfelli. Þar komi fram að ábyrgðartími á kúplingsdiski, kúplingspressu og kúplingslegu sé 3 ár komi til bilunar og ekki megi rekja þá bilun til óeðlilegrar notkunar á bifreiðinni. Skilmála þessa megi jafnframt finna í handbók bifreiðarinnar sem hafi fylgt henni. Við notkun bifreiða eigi sér ávallt stað ákveðið slit. Það hafi tíðkast um langt skeið að ábyrgðir á slithlutum vegna eðlilegs slits á bifreið séu takmarkaðri en hvað varði aðra hluti bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi vísi í kærri sinni til 15. og 16. gr. laga um neytendakaup máli sínu tilstuðnings. Álitsbeiðandi tilgreini hins vegar ekki þær málsgreinar eða stafliði sem hann telji eiga við, sem gerir erfiðara um vik að átta sig á því

hvað álitseiddandi telji ábótavant. Telur seljandi ljóst að hann hafi fullnægt öllum þeim kröfum sem til hans séu gerðar sem seljanda bifreiðarinnar. Hvað varði meintan galla á bifreiðinni sé ljóst að álitseiddandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann hafi vitað eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga um neytendakaup. Seljandi hafi vísað með skýrum hætti til skilmála um verksmiðjuábyrgð í ábyrgðarskírteini auk þess sem skilmálana megi finna í handbók bifreiðarinnar. Bifreið álitseiddanda hafi verið ekin rúmlega 83.000 km þegar skipt hafi verið um kúplinguna vegna slits, eins og fram komi á framlögðum reikning frá verkstæði. Að mati seljanda sé það ekki óeðlileg ending, kúplingar geti enst bæði skemur og lengur en það fari í flestum tilvikum eftir aksturslagi þeirra sem nota ökutækið. Með vísan til framangreinds hafnar seljandi alfarið kröfum álitseiddanda enda sé ljóst að bilun sú sem um ræðir falli ekki undir ábyrgðarskilmála og verksmiðjuábyrgð framleiðanda. Þrátt fyrir að viðgerðin hafi fallið utan ábyrgðar hafi seljandi reynt að koma til móts við álitseiddanda með því að veita 15% afslátt af viðgerðinni.

Meðfylgjandi andsvörum er afrit af skilmálum 5 ára ábyrgðar seljanda.

V

Athugasemdir álitseiddanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitseiddanda við andsvör seljanda, rituðum af lögmanni álitseiddanda, kemur fram að álitseiddandi telur bifreiðina ekki hafa haft þá eiginleika sem hún taldi sig mega vænta við kaupin, að því er varðaði endingu o.fl., sbr. b-lið 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Segir álitseiddandi að almennt veiti seljandi hlutar ekki lengri ábyrgð umfram lögbundna ábyrgð nema hann sé nokkuð öruggur að á umframábyrgðina reyni ekki nema í undantekningartilvikum. Álitseiddandi telur seljanda hafa, samkvæmt ábyrgðarskírteini, veitt sér 37 mánaða ábyrgð, án takmarkana. Bilun kúplingsbúnaðar innan ábyrgðartímans felur í sér að söluhluturinn, bifreiðin, fullnægi ekki þeim kröfum sem leiða megi af samningi aðila, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna.

Söluhluturinn, bifreiðin, sé samkvæmt framangreindu gallaður í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr. laga um neytendakaup. Seljandi hafi vanrækti að gefa álitseiddanda nauðsynlegar upplýsingar um atriði varðandi bifreiðina eða not hennar, sem seljandi hafi hlotið að þekkja til og álitseiddandi hafi mátt ætla að hann fengi upplýsingar um, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna. Nánar tiltekið hafi seljandi vanrækti að upplýsa álitseiddanda um að 5 ára ábyrgðartími bifreiðarinnar, eða 37 mánaða ábyrgðartíminn í þessum tilteknu kaupum, væri takmarkaður á einhvern hátt í gögnum, sem ekki lágu fyrir við kaupin. Ábyrgðartími sé eitt þeirra atriða sem hugsanlegir kaupendur tiltölulega dýrra vara líta til þegar þeir taka ákvörðun um kaupin og taka jafnframt afstöðu til verðlagningar vörunnar. Í þessu tilviki hafi vitneskja álitseiddanda um 37 mánaða ábyrgðartímann veruleg áhrif á ákvörðun um kaupin og um verðmat á bifreiðinni.

Segir álitseiddandi næst að Í greinargerð seljanda sé því haldið fram að ábyrgðarskilmála hafi mátt finna í handbók bifreiðarinnar, sem fylgdi henni. Því leggi álitseiddandi fyrir kærunefndina ljósrít þjónustuhandbókar sem fylgdi bifreiðinni. Hvergi í þeirri handbók sé að finna upplýsingar um skemmri ábyrgðartíma en 5 ár á þeim hlutum bifreiðarinnar sem mál þetta snúist um. Þó sé á bls. 3 og á bls. 4 vísað til ábyrgðarskilmála á vef seljanda á sama hátt og gert hafi verið í ábyrgðarskírteininu. Upplýsingar í þjónustuhandbókinni bæti þar engu við. Þvert á móti megi segja að framsetning í handbókinni styðji enn frekar við tilfinningu kaupanda um 5 ára ábyrgðartímann. Hvað sem því líði gildi hið sama um þjónustuhandbókina og upplýsingar á netinu. Þær hafi ekki verið kynntar álitseiddanda og honum ekki bent á að slíkar upplýsingar, sem kynnu að fela í sér undantekningu frá 5 ára ábyrgðartímanum, væru í þessum heimildum.

Álitseiddandi vekur athygli á því að í liðnum viðhaldskostnaður á bls. 8 í handbókinni sé tekið fram að 5 ára ábyrgðin nái ekki til eðlilegs viðhaldskostnaðar, svo sem kúplingsdísks.

Ábyrgðin ná þó til slíkrar þjónustu sé hún hluti af ábyrgðarviðgerð. Álitsbeiðandi tekur fram að það hafi ekki verið kúplingsdiskurinn sem brast, heldur kúplingspressan og kúplingslegan.

Álitsbeiðandi telur meginatriði málsins vera það að samkvæmt ábyrgðarskírteini hafi verið veitt verksmiðjuábyrgð næstu 37 mánuði eftir kaupin. Enginn fyrirvari eða undantekning hafi verið kynnt álitsbeiðanda og hafi hann því með engu móti getað séð af fyrirliggjandi gögnum að slíkur fyrirvari eða undantekning hefði verið til staðar. Það hafi staðið varnaraðila næst að upplýsa álitsbeiðanda um undantekningarnar, væru einhverjar slíkar til staðar, á ótvíræðan og skýran hátt. Varnaraðili hafi vanrækt þessa upplýsingaskyldu sína og því beri að fallast á erindi álitsbeiðanda til kærunefndarinnar.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að í þjónustubók bifreiðarinnar sé vísað til ábyrgðarskilmála á vefsíðu seljanda. Nánar tiltekið segi á bls. 2 að ábyrgð á 4. og 5. ári innihaldi ekki alla sömu hluti og fyrstu þrjú árin. Er síðan vísað í nánari upplýsingar um ábyrgðarskilmála seljanda á vefsíðu hans. Á bls. 3 segi einnig að nánari upplýsingar um ábyrgð megi finna á vefsíðu seljanda.

Á bls. 8, undir fyrirsögninni „viðhaldskostnaður“ segi að 5 ára ábyrgðin nái ekki til eðlilegs viðhaldskostnaðar, „svo sem [...] skipti á slitnum þurrkublöðum, hemlaklossum, hemlaborðum og kúplingsdiski.“ Í athugasemdum sínum haldi álitsbeiðandi því fram að það hafi ekki verið kúplingsdiskurinn sem hafi brugðist, heldur kúplingspressan og kúplingslegan. Af reikningi þeim sem gefinn hafi verið út vegna viðgerðar á bifreið álitsbeiðanda, og hann hafi sjálfur lagt fram, komi skýrt fram að skipt hafi verið um kúplingspressu, kúplingslegu og kúplingsdisk. Í lýsingu af verkinu segi auk þess m.a.: „Lega föst, búið að skemma disk – skipt um press, disk og legu.“

Þá sé ljóst að upptalning sú sem vísað hafi verið að framan og fram komi undir fyrirsögninni „viðhaldskostnaður“ sé ekki tæmandi, en þar segi áður en upptalning hefst: „svo sem“. Nákvæma upptalningu sé að finna á heimasíðu seljanda, þar sem skýrt sé tekið fram að ábyrgðartími á kúplingsdiski, kúplingspressu og kúplingslegu sé 3 ár.

Það sé því alveg ljóst að álitsbeiðanda hafi mátt vera fullkunnugt um að ábyrgðin næði ekki til viðgerðar á við þá sem framkvæmd hafi veirð á bifreið álitsbeiðanda. Í þjónustubókinni, bls. 2, sé eigendum bent á það, með feitletruðum stöfum, að lesa hana vandlega. Hafnar seljandi fullyrðingum álitsbeiðanda um meintan galla enda geti álitsbeiðandi ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita þegar kaupin voru gerð, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga um neytendakaup.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að vegna galla í kúplingspressu og/eða kúplingslegu hafi orðið skemmdir á kúplingsdiski. Haldi seljandi öðru fram beri hann sönnunarbyrði fyrir því og leggur þá væntanlega fram hina skemmdu hluti bifreiðarinnar máli sínu til stuðnings. Kærunefndin geti þá fengið utanaðkomandi sérfræðing til að meta orsök og afleiðingu á umræddu atriði.

Telur álitsbeiðandi meginatriði málsins var þau að álitsbeiðandi keypti bifreið af seljanda og til staðfestu ábyrgðar seljanda hafi hún fengið afhent ábyrgðarskírteini sem kvað á um verksmiðjuábyrgð til 7. júní 2015. Fimm ára ábyrgðartíminn, eða það sem eftir lifði af þeim tíma frá kaupunum, var veruleg ákvörðunarástæða fyrir kaupunum. Við kaupin var aldrei fjallað um, rétt eða gefið til kynna af hálfu varnaraðila að ábyrgðin væri takmörkuð eða með undantekningum. Aldrei var bent á að aðrar upplýsingar en fram komu um ábyrgðartíma kynnu að leynast á vefsíðu seljanda. Þjónustubók bifreiðarinnar var aldrei kynnt álitsbeiðanda,

um hana var aldrei fjallað eða hún yfirfarin við kaupin. Álitsbeiðanda var ekki kunnugt um tilvist bókarinnar fyrr en löngu eftir kaupin. Það er því alrangt, sem haldi er fram af hálfu seljanda, að álitsbeiðanda hafi mátt vera fullkunnugt um takmörkun ábyrgðarinnar.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 4. maí 2012 fyrir kr. 1.750.000. Bifreiðin er af gerðinni Toyota Yaris og fyrsti skráningardagur hennar 7. júní 2010. Bifreiðin var því tæplega 2 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 51.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Niðurstaða í máli þessu ræðst fyrst og fremst á því hvort frestir til að bera fyrir sig galla á kúplingu bifreiðarinnar hafi verið liðnir þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla hinn 3. september 2014, þ.e. 2 árum og rétt tæpum 4 mánuðum eftir kaupin, þegar bíllinn var rúmlega fjögurra ára. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er frestur neytanda til að bera fyrir sig galla alla jafna 2 ár, nema að söluhlut eða hlutum hans sé ætlaður „verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“, en í þeim tilvikum er frestur til að bera fyrir sig galla 5 ár. Kærunefndin telur að ekki séu forsendur til þess að fallast á að kúplingslega sú er bilaði með þeim afleiðingum að skipta þurfti einnig um kúplingsdisk og –pressu í bifreiðinni, sé hluti söluhlutar sem ætlaður sé verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti í skilningi 2. másl. 2. mgr. 27. gr. laganna. Var því frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla á kúplingu bifreiðarinnar liðinn í skilningi 1. másl. 2. mgr. 27. gr. laganna. Í lokamálslið 2. mgr. 27. gr. segir hins vegar að umræddir tímafrestir gildi ekki ef seljandi hafi í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Í lokamálslið 3. mgr. 18. gr. sömu laga segir einnig: „Ábyrgðaryfirlýsing er bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni.“ Eiga framangreindar lagagreinar þannig við um tilvik þar sem seljendur veita sérstaklega langa ábyrgð á söluhlut, sem þá nær út fyrir almenna kvörtunarfresti kaupenda. Eru slíkar ábyrgðaryfirlýsingar bindandi fyrir yfirlýsingargjafann, í þessu tilviki seljanda, með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni.

Í ábyrgðarskírteini seljanda, sem fylgdi hinni umþrættu bifreið, kemur fram að bifreiðin sé í verksmiðjuábyrgð framleiðanda frá 4. maí 2012 til 7. júní 2015. Þá segir í skírteininu, sem undirritað er af álitsbeiðanda, að ítarlegri skilmála um verksmiðjuábyrgð seljanda megi finna á vefsvæði félagsins. Afrit af umræddum skilmálum fylgir andsvörum seljanda. Þar segir á bls. 3: „Á 4. og 5. ári [ábyrgðartímans] er ekki ábyrgð á höggdeyfum, soggrein, pústgreinum, útblásturskerfi, kúplingu, innréttingu, yfirborðsryði og málningu.“ Á bls. 12 í sömu skilmálum kemur einnig fram að ábyrgð á kúplingsdisk, -pressu og -legu sé 3 ár. Á bls. 2 segir síðan að ábyrgðartími hefjist „þann dag þegar ökutækið er afhent fyrsta kaupanda í smásölu.“ Samkvæmt þessu hófst ábyrgðartími seljanda á bifreiðinni hinn 7. júní 2010. Ábyrgðartíma seljanda samkvæmt skilmálunum lauk því hinn 7. júní 2013 hvað varðaði íhluti kúplingar bifreiðarinnar, en álitsbeiðandi kvartaði undan galla á kúplingu hinn 3. september 2014, þ.e. tæplega 15 mánuðum eftir að ábyrgðin rann út.

Verður samkvæmt ofansögðu að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Það athugast að vegna vanhæfis formanns kærunefndarinnar var Áslaug Árnadóttir hdl. sett formaður nefndarinnar ad hoc í máli þessu.

IX

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
settur formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir